

Nd.

631. Nefndarálit

[107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um sildarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Aðalatriði þessa frumvarps, eins og það var upphaflega lagt fyrir Ed., eru tvö: Í fyrsta lagi er lagt til, að fjölgað verði í nefndinni úr 7 mönnum í 8, og skal ráðherra skipa áttunda manning eftir sameiginlegri tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Samkv. gildandi lögum tilnefna þessi félög sinn manning hvort í nefndina, og gerir frv. ráð fyrir, að sú tilhögun haldist óbreytt. Í öðru lagi var lagt til, að sildarútvegsnefnd skyldi hafa skrifstofu á Austurlandi, en gildandi lög gera aðeins ráð fyrir skrifstofum nefndarinnar í Reykjavík og í Siglufirði.

Þessu síðara ákvæði frv. var breytt í meðförum Ed. í það horf, sem það er nú á þskj. 350, þar sem segir:

„Heimili sildarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði.“

Um það leyti sem Ed. afgreiddi frv. þannig breytt, bærust nefndinni mótmæli gegn breytingunni frá eftirtöldum aðilum:

1. Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
2. Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi.
3. Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Nefndin sendi frv. með áorðinni breytingu í Ed. til umsagnar síldarútvegsnefndar, og segir m. a. í svári nefndarinnar, dags. 16. þ. m.:

„Síldarútvegsnefnd mælir eindregið gegn því, að frumvarpið, eins og það er eftir afgreiðslu í Ed., verði samþykkt.“

Bréf þessara fjögurra aðila eru prentuð sem forskj. með þessu nál.

Einnig er þess að geta, að nefndinni hefur borizt ljósrit af bréfi nokkurra síldarsaltenda í Siglufirði, dags. 10. des. s. l., þar sem þeir mótmæla því, sem þeir kalla fyrirhugaðan flutning á aðalskrifstofum síldarútvegsnefndar til Reykjavíkur. Loks hefur bæjarstjórnin í Siglufirði sent símskeyti, dags. 25. marz s. l., með umsögnum Landssímans varðandi símaþjónustu milli síldarbæja eystra og Siglufjarðar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. nefndarinnar, þeir BP, PS og GuðlG, leggur til, að frv. verði samþykkt, en tveir þeirra hafa þó gefið það álit út með fyrirvara. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar metur hins vegar fram komin mótmæli þeirra aðila, er að framan voru taldir, gegn frumvarpinu í núverandi mynd þannig, að þeir af þeim, sem studdu upphaflega frumvarpið, afturkalli raunverulega stuðning sinn við það og óski ekki eftir, að það nái fram að ganga. Allir þessir aðilar hafa góða þekkingu á starfsemi síldarútvegsnefndar, og útvegsmenn og síldarsaltendur hafa mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við störf hennar fyrir sjálfa sig og starfsfólk sitt. Viljum við því taka mótmæli þeirra gegn frumvarpinu til greina og leggjum til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Varðandi aðsetur síldarútvegsnefndar er það skoðun okkar, að henni beri að halda uppi eðlilegri starfsemi í Siglufirði og sunnanlands og austan, miðað við þarfir og aðstæður á hverjum tíma. Teljum við, að vegna hinna alkunnu breytinga á síldveiðunum megi ákvæði um þetta ekki vera allt of einskorðuð í lögum.

Alþingi, 17. apríl 1968.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Sverrir Júlíusson,
fundaskr.

Lúðvík Jósefsson.

Jón Skaftason.

Fylgiskjal I.

FÉLAG SÍLDARSALTENDA Á NORÐUR- OG AUSTURLANDI

Reykjavík, 11. marz 1968.

Vér leyfum oss hér með að mótmæla harðlega framkomnu frumvarpi fjögurra þingmanna úr Norðurlandskjördæmum þess efnis, að aðalskrifstofa Síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði, og vísun til einróma samþykktar fjölmenns aðalfundar Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, þar sem þess var krafizt, að skrifstofu Síldarútvegsnefndar í Reykjavík verði falin yfirumsjón með söltun síldar á Norður- og Austurlandi, en jafnframt tekið fram, að skrifstofur verði þó áfram á Siglufirði og Austfjörðum.

Vér vörum alvarlega við því, að hagsmunum saltsíldarframleiðslunnar sé fórnað í annarlegum tilgangi, og bendum á, að félög síldarsaltenda og Síldarútvegsnefnd, sem skipuð er fulltrúum margra hagsmunasamtaka, hljóti að hafa meiri þekkingu á mál-efnum og vandamálum saltsíldarframleiðslunnar en aðilar, sem hvergi hafa komið þar nærri.

Vér væntum þess fastlega, að við afgreiðslu þessa máls verði heildarhagsmunir saltsildarframleiðslunnar og þeirra aðila, sem henni eru tengdir, látnir ráða.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi,
Jón Þ. Árnason.

Formaður sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis,
hr. Birgir Finnsson, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FÉLAG SÍLDARSALTENDA Á SUÐUR- OG VESTURLANDI

Reykjavík, 12. marz 1968.

Frumvarp það, sem samþykkt hefur verið við 2. umræðu í efri deild Alþingis varðandi Sildarútvegsnefnd, teljum við varhugavert og til hins verra, ef að lögum yrði í því formi, sem það nú er, vegna þeirrar breytingar, er á því var gerð, þ. e. ákvæðið, sem fjallar um lögheimili og aðalskrifstofu nefndarinnar.

Nær allir sildarsaltendur á landinu eru eindregið þeirrar skoðunar, að eins og nú háttar — og hefur verið undanfarin ár — sé nauðsynlegt, að yfirstjórn Sildarútvegsnefndar hafi aðsetur í Reykjavík, á sama hátt og allar aðrar greinar útflutningsframleiðslu sjávarafurða hafa.

Vér leyfum oss því að mótmæla eindregið, að nefnt atriði frumvarpsins verði að lögum, og skorum á háttvirta neðri deild Alþingis að fella það úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags sildarsaltenda á Suður- og Vesturlandi,
Ólafur Jónsson. Margeir Jónsson.

Formaður sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis,
Hr. Birgir Finnsson, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 22. marz 1968.

Landssamband íslenskra útvegsmanna lætur í ljós furðu sína yfir breytingu þeirri, sem efri deild Alþingis hefur samþykkt á frv. til laga um breyting á lögum um Sildarútvegsnefnd á þingskjali Ed. 236, en breyting deildarinnar á frumvarpinu er þess efnis, að heimili, varnarþing og aðalskrifstofa Sildarútvegsnefndar skuli vera í Siglufirði.

Frumvarpið á þingskjali 236 var flutt að beiðni hæstv. sjávarútvegsráðherra skv. ósk um flutning þess frá sjö manna nefnd, sem skipuð var af ráðuneytinu s. l. sumar til þess að gera tillögur um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar sildar til útflutnings.

Skv. tillögum nefndarinnar skyldi Síldarútvegsnefnd hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi.

Var þessi tillaga, sem sjávarútvegsmálaráðherra tók upp í frv. um breytingu á lögnum um Síldarútvegsnefnd, gerð í einu hljóði af sjömannanefndinni. Tillögur, sem gengu í sömu átt, höfðu áður verið samþykktar einnig í einu hljóði af Félagi síldarsaltenda norðan- og austanlands, Félagi síldarsaltenda suðvestanlands og af Síldarútvegsnefnd.

Þessir aðilar eru kunnugastir málavöxtum, og ber þeim öllum saman um, að mjög óheppilegt sé, að aðalskrifstofa nefndarinnar sé í Siglufirði og á öðrum stað en Síldarútvegsnefnd heldur fundi sína.

Hefur það leitt til mikilla tafa á afgreiðslu mála hjá Síldarútvegsnefnd, sem aftur veldur truflunum á framleiðslu og sölu síldarinnar. Hefur þetta oft bakað síldarsaltendum og viðskiptamönnum þeirra, útgerðarmönnum og sjómönnum, og síldarútveginum í heild stórtjón, sem auðvelt er að sanna með dæmum. Auk þessa hefur þetta fyrirkomulag í för með sér mikinn aukakostnað við starfsemi nefndarinnar.

Landssamband íslenskra útvegsmanna skorar því á hæstvirt Alþingi að færa frumvarpið í upphaflegt horf hvað þetta snertir, þ. e. að: „Nefndin skal hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi.“

Virðingarfyllt,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sig. H. Egilsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

SÍLDARÚTVEGSNEFND

Reykjavík, 16. apríl 1968.

Á fundi Síldarútvegsnefndar í dag var svo hljóðandi samþykkt gerð sem svar við bréfi sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 25. marz s. l.:

„Síldarútvegsnefnd hefur móttengið bréf sjávarútvegsnefndar Nd., dags. 25. marz s. l., ásamt frumv. til l. um breytingu á l. nr. 62 21. apríl 1962, um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Í bréfi sjávarútvegsnefndarinnar er óskað eftir umsögn Síldarútvegsnefndar um frumvarpið, eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í Ed.

Síldarútvegsnefnd mælir eindregið gegn því, að frumvarpið, eins og það er eftir afgreiðslu í Ed., verði samþykkt.

Síldarútvegsnefnd telur fráleitt, að Alþingi samþykki lagabreytingu varðandi starfstílhögun og daglegan rekstur Síldarútvegsnefndar, sem gengur í berhögg við álit þeirra aðila, sem falið hefur verið að hafa yfirumsjón með sölu- og framleiðslumálum saltsíldar, enda mætti ætla, að þeir, sem að þessum málum starfa, séu líklegastir til þess að geta dæmt um það, hvað bezt henti í þessu efni. Vísar nefndin í þessu sambandi til fyrri samþykktar sinna svo og samþykktar félaga síldarsaltenda og Landssambands ísl. útvegsmanna, sem sendar hafa verið sjávarútvegsnefnd Nd.

Þar sem allmikils misskilnings gætti í umræðum í Ed. varðandi starfsemi Síldarútvegsnefndar, leyfum vér oss að senda yður hjálaga ályktun, sem samþykkt var með öllum atkv. á fundi Síldarútvegsnefndar 12. sept. s. l., svo og afrit af athugasemdum,

er formaður Síldarútvegsnefndar sendi formanni sjávarútvegsnefndar Ed. þann 12. febrúar s. l.“

Samþykkt þessi var gerð með atkv. allra nefndarmanna (7).

Virðingarfyllst,

f. h. SÍLDARÚTVEGSNEFNDAR,

Njáll Ingjaldsson.

Til sjávarútvegsnefndar
neðri deildar Alþingis, Reykjavík.